

SAMNINGUR UM SAMKEPPNISHALD

Garðabær kt. 570169-6109 , hér eftir nefndur útbjóðandi og Arkitektafélag Íslands kt. 420169-0949, í samningi þessum nefnt AÍ, gera með sér svofelldan samning um samstarf við að halda

opna framkvæmdakeppni um deiliskipulag Álftanesi

1.gr.

Samkeppnisreglur AÍ

Samkeppnin er haldin samkvæmt gildandi samkeppnisreglum AÍ sem birtar eru á vef félagsins.

2.gr.

Dómnefnd

Dómnefnd verður skipuð 5 fulltrúum. AÍ tilnefnir tvo fulltrúa sem eru arkitektarnir XXX arkitekt FAÍ og XXX arkitekt FAÍ og fá þau hvor fyrir sig 15.500 kr. á klst + vsk fyrir störf sín við keppnislýsingu og dóm. Útbjóðandi tilnefnir þrjá fulltrúa sem eru XXX, XXX, XXX. Fulltrúar AÍ í dómnefnd skulu hafa samráð við ritara dómnefndar um þann tímafjölda sem þeir þurfa að nota til að sinna dómnefndarstörfum. Með reikningi skal leggja fram skýrslu er lýsir ýtarlega vinnuframlagi og tímafjölda.

3.gr.

Trúnaðarmaður

AÍ, í samráði við útbjóðanda, tilnefnir XXX sem trúnaðarmann samkeppninnar. Útbjóðandi greiðir trúnaðarmanni kr. 15.500,- á klst + vsk fyrir störf sín. Aður en trúnaðarmaður hefur störf skulu hann og útbjóðandi skilgreina með hvaða hætti skal meta þann tímafjölda sem trúnaðarmaður notar í þágu keppninnar. Gert er ráð fyrir því að útbjóðandi leggi trúnaðarmanni til aðstoðarmann/-menn sem trúnaðarmaður felur framkvæmd þeirra verkefna sem ekki krefjast sérþekkingar trúnaðarmanns. Með reikningi skal leggja fram skýrslu er lýsir ýtarlega vinnuframlagi og tímafjölda.

4.gr.

Ritari

Útbjóðandi tilnefnir í samráði við AÍ, XXX, sem ritara dómnefndar.

5.gr.

Þóknun AÍ

Útbjóðandi greiðir AÍ kr XXX (10% af heildarverðlaunafé) + vsk, fyrir þjónustu félagsins við samkeppnishaldið. Helmingur fjárhæðar greiðist við undirskrift samnings og helmingur eigi síðar en 10 dögum eftir að niðurstaða samkeppninnar hefur verið birt. Þjónusta AÍ felst m.a. í eftirtöldum atriðum:

- AÍ stuðlar að því, með þátttöku sinni að samkeppnin fari heiðarlega fram, á óhlutdrægan og sanngjarnan hátt og í samræmi við leikreglur sem njóta trausts
- AÍ auglýsir samkeppnina meðal félagsmanna, einnig meðal erlendra fagfélaga sé þess óskað.
- AÍ hvetur félagsmenn sína til að taka þátt í samkeppninni
- Ráðgjöf við fyrirkomulag og framkvæmd samkeppninnar
- Afnot af samkeppnisreglum AÍ
- Afnot af staðlaðri keppnislýsingu AÍ
- Umfjöllun um keppnislýsingu og samþykki (kafla 1 og 3)

- Tilnefning dómnefndarfulltrúa og trúnaðarmanns
- Auglýsir samkeppnina og fjallar um hana í fréttablaði og á vef AÍ
- Afhending keppnislýsingar og fylgigagna, ef óskað er
- Almenn upplýsingarþjónusta við keppendur
- AÍ sér um að birta niðurstöður samkeppninnar í fréttabréfi AÍ og á vef félagsins
- Umsjón rýnifunda að lokinni samkeppni
- Aðstoð við trúnaðarmann við skráningu o.fl.
- Varðveisla samkeppnistillagna að keppni lokinni samkvæmt samningi AÍ við Hönnunarsafn Íslands frá ágúst 2011.

6.gr.

Keppnislýsing

Dómnefnd semur keppnislýsingu. Endanleg útgáfa keppnislýsingar sem fjallar um framkvæmd hennar, skal hljóta samþykki útbjóðanda og stjórnar AÍ, áður en hún er afhent keppendum.

7.gr.

Verðlaunafé og greiðsla fyrir þátttöku

Heildarverðlaunafé samkeppninnar er kr. XXX án vsk. og skulu fyrstu verðlaun ekki vera lægri en kr. XXX.

8.gr.

Kostnaður

Útbjóðandi hefur umsjón með framkvæmd samkeppninnar og greiðir allan tilfallandi kostnað vegna hennar, auk launa dómnefndarmanna og starfsmanna hennar, s.s. ferðakostnað og upphald (ef dómstörf fara fram fjarri heimili dómnefndarmanna), frágang og prentun keppnislýsingar, vinnuaðstöðu vegna starfa dómnefndar, útgáfu á niðurstöðum samkeppninnar, auk kostnaðar við sýningu að samkeppni lokinni.

9.gr.

Útgáfa og sýning

Útbjóðandi sér um útgáfu samkeppnisniðurstöðunnar. Ef útbjóðandi óskar eftir því getur AÍ séð um útgáfuna, gegn sérstöku gjaldi sem samið verður um síðar. Að öðrum kosti sér útbjóðandi um útgáfu samkeppnisniðurstöðunnar. AÍ fær í sinn hlut 10 eintök. Útbjóðandi sér um að halda opinbera sýningu á öllum keppnistillögum að dómi loknum. AÍ hefur fullan aðgang að öllum tillögum á PDF og útgáfugögnum samkeppninnar á tölvutæku formi til frekari birtingar á niðurstöðum.

10.gr.

Ágreiningur

Komi upp ágreiningur vegna samnings þessa skulu mál vegna hans rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Garðabæ, dd.mm.yy

F.h. útbjóðanda

F.h. Arkitektafélags Íslands

Gunnar Einarsson
bæjarstjóri.

Aðalheiður Atladóttir,
formaður AÍ.